

28. nóvember 2012
1211165

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 20. nóvember 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins, 239. mál.

Tillagan gengur út á að skipuð sé nefnd sérfræðinga sem falið verði að kanna „hvernig hægt sé að tryggja aðskilnað peningamyndunar og útlánastarfsemi bankakerfisins með því að afnema heimildir bankanna til útlána umfram lausar innstæður“. Nefndinni er ætlað að ljúka störfum 1. janúar nk. og skila skýrslu til þingsins innan mánaðar frá því að hún lýkur störfum.

Þótt færa megi rök fyrir því að núverandi skipulag nútíma fjármálakerfis feli í sér margþætta áhættu er jafnframt ljóst að það hefur stuðlað að verulegri efnahagslegri velsæld til lengri tíma. Með því að gera slíka grundvallarbreytingu á fjármálakerfinu eins og lýst er í tillögunni er hætt við að margt glatist af efnahagslegum tækifærum sem nú eru í boði fyrir tilstilli fjármálastofnana sem sérhæfa sig í að takast á við grundvallarvandamál lánastarfsemi, þ.e. ýmis vandamál sem felast í ósamhverfum upplýsingum og kostnaðarsömu eftirliti með lántökum.

Afar erfitt er einnig að sjá fyrir sér að slíkar breytingar sé hægt að framkvæma án þess að það sé í alþjóðlegu samstarfi, nema að því fylgi enn frekari efnahagsleg einangrun þjóðarinnar. Mun vænlegra er að reyna að takast á við undirliggjandi áhættu sem fylgir lánastarfsemi með öðrum hætti og í samhengi við það sem aðrar þjóðir eru að gera.

Ofangreind hugmynd gengur út á grundvallarbreytingu á skipulagi fjármála- og peningakerfisins og framkvæmd peningastefnunnar. Henni verður varla hrint í framkvæmd án þess að áður fari fram mjög ítarlegar fræðilegar rannsóknir og úttektir á framkvæmd og útfærslu breytinganna. Að ætla að hægt sé að framkvæma slíka vinnu á nokkrum vikum samræmist engan vegin umfangi verkefnisins og kröfum um vönduð vinnubrögð.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur